

REGLUGERÐ

um olíuúrgang

I. KAFLI

Markmið, gildissvið o.fl.

1. gr.

Markmið.

1.1 Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja rétta meðhöndlun olíuúrgangs þannig að hann valdi ekki mengun.

2. gr.

Gildissvið.

2.1 Reglugerð þessi gildir um meðhöndlun olíuúrgangs og skráningu. Reglugerðin gildir um atvinnurekstur hér á landi og í mengunarlögsögunni. Jafnframt gildir reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Reglugerðin gildir um athafnir einstaklinga eins og við getur átt.

3. gr.

Skilgreiningar.

3.1 *Atvinnurekstur* er hvers konar starfsemi og framkvæmdir.

3.2 *Brennslustöð* fyrir olíuúrgang er hvers kyns tæknibúnaður sem notaður er til að brenna spilliefni með oxun, hvort sem hitinn sem myndast við brennsluna er nýttur eða ekki, þ.m.t. formeðferð sem og hitasundrun eða önnur hitameðferð, t.d. plasmameðferð, enda séu afurðir hans brenndar á eftir.

3.3 *Eftirlit* er athugun á ferli eða starfsemi til að ákvarða samræmi þeirra við tilteknar kröfur.

3.4 *Eftirlitsaðilar* eru viðkomandi heilbrigðisnefnd og Hollustuvernd ríkisins og einnig faggiltir skoðunaraðilar sem starfa samkvæmt reglugerð þessari með takmarkaðar heimildir í samræmi við 24. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3.5. *Grunnolía* er jarðefnaolía og/eða unnin olía, synþetísk, sem notuð er sem grunnþáttur fyrir margvíslegar olíuvörur, svo sem smurolíur, vélarolíur, iðnaðarolíur, gírolíur og feiti.

3.6 *Meðhöndlun olíuúrgangs* er söfnun, geymsla, pökkun, flokkun, flutningur, vinnsla, endurnotkun, endurnýting og förgun hans, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðvum eftir að þeim hefur verið lokað.

Flokkun er aðgreining úrgangstegunda til þess að hægt sé að endurnýta úrgangsefni og koma þeim úrgangi sem ekki nýtist til viðeigandi förgunar.

Flutningur er það ferli þegar úrgangur frá einstaklingum og lögaðilum er fluttur í atvinnuskyni til endurnotkunar, endurnýtingar eða förgunar.

Endurmyndun er aðgerð til að framleiða grunnolíu með hreinsun á olíuúrgangi, einkum með því að fjarlægja úr henni óhreinindi, oxaðar afurðir og íblöndunarefni.

Endurnotkun er notkun úrgangs sem ekki hefur verið beittur aðferðum sem fram koma í V. viðauka við reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Endurnýting er hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun, t.d. endurmyndun, sjá nánar V. viðauka reglugerðar um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Förgun er aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og komið fyrir varanlega, sjá nánar aðferðir í IV. viðauka reglugerðar um skrá um spilliefni og annan úrgang.

Pökkun er þegar úrgangur er settur í umbúðir til að gera hann flutningshæfan og/eða til að geyma í lengri eða skemmri tíma.

Vinnsla er aðgerð sem ætluð er til að gera olíuúrgang hæfan til endurnýtingar, þ.e. endurmyndun og brennsla.

3.7 *Mengun* er þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

3.8 *Mengunarvarnaeftirlit* er eftirlit með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðsla um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til mengunarvarnaeftirlits.

3.9 *Móttökustöð* er staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til lengri eða skemmri geymslu, umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangur til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum.

3.10 *Olíuúrgangur* er hvers konar smurnings- og iðnaðarolíur sem orðið hafa óhæfar til þeirrar notkunar sem þær voru upphaflega ætlaðar, þ.á m. notuð brennsluolía fyrir vélar og girkassaolía, svo og smurolía, hverflaolía og vökvaprýstiolía. Olíuúrgangur er spilliefni.

3.11 *Spilliefni* er úrgangur sem merktur er með stjörnu * í I. viðauka með reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang og einnig annar úrgangur sem hefur einn eða fleiri eiginleika sem tilteknir eru í III. viðauka með tilvitnaðri reglugerð.

3.12 *Söfnunarstöð* er staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar, endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.

3.13 *Úrgangur* er hvers kyns efni eða hlutir sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt.

Tegundir úrgangs flokkaðar eftir eiginleikum eru:

Úrgangur án spilliefna er úrgangur frá heimilum og atvinnurekstri sem hefur svipaða eiginleika og gerð og heimilisúrgangur, t.d. matarleifar og umbúðir, og úrgangur sem fellur til við framleiðslu, verslun og þjónustu, t.d. pappír, timbur o.þ.h.

Spilliefni, sbr. skilgreiningu í 11. mgr.

Óvirkur úrgangur er úrgangur sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega, t.d. múrbrot, gler og uppmokstur.

II. KAFLI

Umsjón.

4. gr.

Hlutverk Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda.

4.1 Heilbrigðisnefndum, undir yfirmsjón Hollustuverndar ríkisins, og Hollustuvernd ríkisins ber að sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

III. KAFLI

Meginreglur.

5. gr.

Meðhöndlun olíuúrgangs.

5.1 Draga skal eins og unnt er úr myndun olíuúrgangs. Stuðla ber að endurmyndun og annarri endurnýtingu.

5.2 Öll meðhöndlun olíuúrgangs skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Tryggja skal að við vinnslu olíuúrgangs sé beitt aðferðum sem valda ekki mengun yfir leyfilegu hámarki.

5.3 Bannað er að losa olíuúrgang í yfirborðsvatn, grunnvatn, í sjó eða í fráveitu, svo og í jarðveg.

5.4 Olíuúrgangi má ekki blanda saman við annan úrgang.

5.5 Hollustuvernd ríkisins er heimilt að leyfa að olíuúrgangi sé blandað saman við annan úrgang eða efni, einkum ef það er gert til að auka öryggi við förgun eða endurnýtingu og á þann hátt að það samrýmist kröfum um mengunarvarnir. Hollustuvernd ríkisins skal upplýsa hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd um veitta heimild.

6. gr.

Móttaka olíuúrgangs.

6.1 Einstaklingum og lögaðilum er annast dreifingu og sölu á olíu er skylt að taka við olíuúrgangi frá skipum og frá starfsemi í landi, einir eða í samvinnu við þá sem til þess hafa leyfi og tryggja viðunandi förgun.

6.2 Að öðru leyti en greinir í 1. mgr. skal flytja olíuúrgang til söfnunarstöðva eða móttökustöðva sem hafa fengið starfsleyfi til að taka á móti slíkum úrgangi.

7. gr.

Geymsla olíuúrgangs o.fl.

7.1 Þeim aðilum sem olíuúrgangur fellur til hjá er skylt að tryggja að hann sé geymdur á viðeigandi hátt og ber að skila honum til viðurkenndrar söfnunar- eða móttökustöðvar.

7.2 Óheimilt er að blanda saman olíuúrgangi við PCB og PCT og önnur spilliefni, sbr. reglugerð um innflutning, notkun og förgun PCB, PCT og umhverfisskaðlegra staðgengilsefna þeirra og reglugerð um spilliefni.

7.3 Olíuúrgangur sem inniheldur meira en 0,005% af PCB eða PCT skal meðhöndla sem spilliefni sem inniheldur PCB eða PCT nema þegar hægt er að eyða PCB eða PCT eða draga svo úr magni þeirra með endurmyndun að olían innihaldi ekki efnin umfram tilgreint hámark, sbr. ákvæði reglugerðar þessarar. Að öðru leyti fer um olíuúrgangur sem inniheldur meira en 0,005% af PCB eða PCT í samræmi við reglugerð um innflutning, notkun og förgun PCB, PCT og umhverfisskaðlegra staðgengilsefna þeirra.

7.4 Þar sem verður til, er safnað, flutt og/eða fargað meira en 400 lítrum af olíuúrgangi á ári, ber að halda dagbók yfir magn, ástand, uppruna og geymslustað úrgangsolíunnar, móttöku, afhendingu og/eða förgun. Skylt er að afhenda eftirlitsaðila allar þær upplýsingar um söfnun og förgun olíuúrgangs eða um leifar hans sem falla til.

8. gr.

Endurmyndun, förgun og brennsla.

8.1 Stefnt skal að endurmyndun eða annarri endurnýtingu olíuúrgangs. Tryggja skal að við meðhöndlun olíuúrgangs séu gerðar viðeigandi ráðstafanir til að vernda umhverfið og heilsu manna. Tryggt skal að endurmynduð olía innihaldi ekki spilliefni eða sé menguð af þeim, á þann hátt, í því magni eða af þeim styrkleika að það fari umfram leyfileg mörk fyrir viðkomandi efni samkvæmt reglugerð þessari.

8.2 Ef olíuúrgangur er brenndur skal tryggja að það sé við aðstæður sem uppfylla ákvæði reglugerðar þessarar eða reglugerðar um brennslu spilliefna enda sé brennslan tæknilega framkvæmanleg og hagkvæm.

8.3 Ef olíuúrgangur er endurmyndaður skal tryggja að ekki hljóti af mengun. Efnaleifum vegna endurmyndunar skal fargað í samræmi við reglugerð um spilliefni.

8.4 Grunnolía má ekki innihalda PCB eða PCT í meira magni en 0,005% og má ekki flokkast sem spilliefni.

9. gr.

Nýting olíuúrgangs sem eldsneytis.

9.2 Olíuúrgangur sem notaður er sem eldsneyti má ekki innihalda önnur spilliefni umfram leyfileg mörk fyrir viðkomandi efni eða ákvæði í starfsleyfi. Olíuúrgangurinn má ekki innihalda PCB eða PCT í meiri styrk en sem nemur 0,005%. Efnaleifum frá brennslu olíuúrgangs skal farga í samræmi við reglugerð um spilliefni. Sjá að öðru leyti reglugerð um innflutning, notkun og förgun PCB, PCT og umhverfisskaðlegra staðgengilsefna þeirra.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Starfsleyfis skylda.

10.1 Atvinnurekstur sem sér um einstaka þætti meðhöndlunar olíuúrgangs skal hafa starfsleyfi.

10.2 Starfsleyfis skylda á ekki við um flutninga hjá aðila í atvinnurekstri sem sér sjálfur um að flytja olíuúrgangur sem fellur til hjá honum ef magnið á ári er ekki meira en 400 l að undanteknum úrgangi sem inniheldur PCB eða PCT, sbr. 7. gr.

11. gr.

Efni starfsleyfis o.fl.

11.1 Í starfsleyfum þeirra sem meðhöndla olíuúrgang skulu vera ákvæði um gerð og magn hans, tækniröfur, varúðarráðstafanir, förgunarstað og förgunaraðferðir. Þá skulu í starfsleyfum vera, eftir því sem þörf er á, ákvæði um skiljur, gildirur, þrær og annan búnað til að tryggja að olíuúrgangur dreifist ekki frá myndunar- eða söfnunarstað.

11.2 Starfsleyfisskyldir aðilar skulu fylgjast með og sjá til að olíuskiljur virki sem skyldi og láta tæma þær reglulega svo og annan búnað sem fangar olíur.

11.3 Starfsleyfisskyldir aðilar sem stunda starfsemi þar sem olíuúrgangur myndast skulu halda skrár um magn, gerð, eðlis- og efnafræðilega eiginleika og uppruna efnanna, og förgunarstaði ásamt upplýsingum um dagsetningar móttöku og förgunar, sjá þó ákvæði 4. mgr. 7. gr. Fargi eða endurnýti starfsleyfisskyldur aðili olíu sem myndast hjá honum skal hann einnig halda skrá yfir hvernig henni er fargað. Hollustuvernd ríkisins gefur út leiðbeiningar um framkvæmd skráningarinnar.

12. gr.

Áætlanir og skýrslugerð.

12.1 Um áætlanir og skýrslugerð er fjallað í reglugerð um úrgang.

V. KAFLI

Aðgangur að upplýsingum, þvingunarúrræði, viðurlög o.fl.

13. gr.

Aðgangur að upplýsingum

13.1 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

14. gr.

Þagnarskylda eftirlitsaðila.

14.1 Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

14.2 Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

15. gr.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

15.1 Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit þegar við á. Annars gilda ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um valdsvið og þvingunarúrræði.

16. gr.

Viðurlög.

16.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

16.2 Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

VI. KAFLI

Lagastoð, gildistaka o.fl.

17. gr.

17.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, einkum 9. og 10. gr. laganna. Þá er reglugerðin sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998.

17.2 Reglugerðin er sett með hliðsjón af 26. tölul. XX. viðauka EES-samningsins (tilskipun ráðsins nr. 75/439/EEB, sbr. 87/101/EEB).

17.3 Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

VIÐAUKI

Losunarmörk vegna brennslu olíuúrgangs.

Losunarmörk¹⁾ fyrir ústreymi tiltekinna efna sem falla til við brennslu olíuúrgangs.

Mengunarefni	Losunarmörk mg/Nm ³
Cd	0,5
Ni	1
Cr	5
Cu	100
V	5
Pb	-
Cl ²⁾	-
F ³⁾	
SO ₂ ⁴⁾	
Ryk (alls) ⁴⁾	

1) Þessi losunarmörk, sem ekki má fara yfir þegar olíuúrgangur er brenndur, gefa til kynna massa áðurnefndra efna í afgasi, miðað við rúmmál afgass í stöðluðu ástandi (hiti 273 K, þrýstingur 101,3 kPa), eftir að dregið hefur verið frá innihald vatnsgufu og 3% innihald súrefnis í afgasi miðað við rúmmál.

Ef um er að ræða efni sem tilgreind eru hér fyrir framan og geta að auki stafað frá hitun framleiðslunnar skal tryggt með innra eftirliti að hlutfall þessara efna sem stafa frá brennslu olíuúrgangs fari ekki yfir losunarmörkin. Súrefnisinnihald skal miðast við venjulegar starfsaðstæður við vinnsluna sem um ræðir.

2) Ólífræn klórsambönd í loftkenndu ástandi sýnd sem vetnisklóríð.

3) Ólífræn flúorsambönd í loftkenndu ástandi sýnd sem vetnisflúoríð.

4) Sjá reglugerð um brennisteinsdíoxíð og svifryk í andrúmslofti.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.